

Reglugjörð

um

meðferð á póstsendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitastjórnnum.

1. gr.

Stjórnarvöld þau, sem getur um í 11. gr. a. 1. og 12. gr. sbr. 14. gr. í póstlögnum, eru sem nú skal greina:

Landshöfðinginn.
Amtmennirnir.
Stíptsyfirvöldin.
Biskupinn.
Landsyfirrjetturinn.
Undirdómarar, sýslumenn.
Lögreglustjórar og skiptaráðendur.
Umboðsmenn þjóðeigna.
Landfógetinn.
Landlæknirinn.
Hjeraðslæknar.
Læknirinn við holdsveikraspítalann.
Prófastar.
Sóknarprestar.
Forstöðumaður prestaskólans.
Skólameistarinn við hinn lærða skóla.
Póstmeistarinn.
Póstafgreiðslumenn.
Hinn umboðslegi endurskoðandi.
Skattanefndir.
Landsskjalavörðurinn.

2. gr.

Hvenær stjórnarvöld eiga að borga burðargjald fyrir sendingar um embættismál.

Stjórnarvöld þau, sem nefnd eru í 1. gr., skulu gegn endurgjaldi úr landssjóði borga burðargjaldið fyrir sendingar um embættismál, eins og hjer segir:

a, fyrir embættissendingar, sem frá þeim eru sendar.

1. til konungs eða konungsættingja,
2. til annara stjórnarvalda (1. gr.) til sveitarstjórna (8. gr.) og sömuleiðis til danskra eða útlendra stjórnarvalda,
3. til annara en þeirra, sem getið er um í 1. og 2. lið, þegar sendingin er send, til þess að leggja einhverjum stjórnarlegt erindi á herðar, heimta skýrslu, leita álits eða þesskonar,

b, fyrir sendingar, sem koma til þeirra,

1. frá öðrum en þeim, sem nefndir eru í a. 1. og 2. lið, þegar sending-

in hefir aðeins inni að halda fyrirskipaða skýrslu, eða heimtað álit (án tillits til þess, hvort sendingin er fyrirskipuð í það skiptið eða yfir höfuð), 17. maí 51

2. frá dönskum eða útlendum stjórnarvöldum.

3. gr.

Hvenær stjórnarvöld mega eigi borga undir sendingar á landssjóðskostnað.

Stjórnarvöld mega ekki borga burðargjald fyrir hönd landssjóðs undir þjónustusendingar, nema þegar enginn vafi getur verið á, að það sje leyfilegt samkvæmt 2. gr.; það er því óleyfilegt að borga burðargjald á landssjóðskostnað undir sendingar til annara en þeirra, sem nefndir eru í 2. gr. a. 1—2, þegar þær hafa inni að halda:

- a. svar uppá bænarskrár og bónarbrjef, fyrirspurnir og því líkt um embætti, veitingabrjef, þóknun, náðarveiting, eptirlaun, styrk, lán, fjarvistarleyfi, ferðaleyfi, leyfisbrjef, undantekningar frá lögum og tilskipunum, frest á því að senda reikninga og gjaldheimtur, veiting á rjettindum innborinna manna, lausn frá því að vera þegn konungs o. s. frv.;
- b. svar upp á fyrirspurnir, sem varða þann, er ber upp spurninguna;
- c. sending launa og þóknunargjalda handa embættismönnum og sýslunarmönnum, svo og sending eptirlauna og styrktarfjár;
- d. sendingar til prestaskólans, hins lærða skóla, landsbókasafnsins og þesskonar stofnana, ef þær eingöngu snerta hag hlutaðeigandi stofnunar, en eigi landsstjórnarinnar;
- e. brjefaskriptir um prestatíund, er þær varða þann, sem við á að taka, eða þann, sem gjalda á;
- f. brjefaskriptir um bændakirkjur og leigujarðir, ef það varðar aðeins eigendur, en eigi hag landsstjórnarinnar;
- g. brjefaskriptir um skiptamál og þegar sent er skiptafje og fje ómyndugra, ef ekki er um hag stjórnarinnar að ræða;
- h. áminningarbrjef um að senda skattgjöld;
- i. sending málfærslulauna í opinberum málum og gjafsóknarmálum;
- k. þegar gjaldheimtumenn senda fje jafnaðarsjóðanna;
- l. þegar send eru aptur ríkisskuldabrjef, sem einhver af sjálfsdáðum hefir sent, til þess að þeim verði skipt, eða sem sett hafa verið að veði fyrir opinberum gjaldheimtum; og það má heldur ekki á landssjóðs kostnað borga burðargjald undir sendingar til þeirra, sem hafa á hendi embætti, sem nefnd eru í a. 1—2, þegar þær eru eigi um embættismál, heldur snerta þá persónulega.

Sendingar þær, sem taldar eru í þessari grein, skal því annaðhvort senda óborgaðar, eða borga undir þær á kostnað móttakanda, annaðhvort á þann hátt, að hann lætur stjórnarvaldið fá almenn frimerki til þess, eða semur um það við stjórnarvaldið, að það borgi burðargjaldið fyrirfram gegn endurgjaldi; þannig verður að fara að, þegar samkvæmt 12. gr. í póstlögunum á að borga fyrirfram undir sendinguna (ábyrgðarbrjef, póstávisanir og krossbandssendingar).

51
17. maí Þegar almennar brjefasendingar, sem hjer er um að ræða, eru sendar óborgaðar, skal skrifa á þær: E. B. (einfalt burðargjald) og verða þær þá fluttar með póstum, án þess að burðargjaldið tvöfaldist; samkvæmt því, sem segir í 11. gr. a. 1. í póstlögnum. Innanbæjar og innansveitarburðargjald á samskonar sendingum tvöfaldast heldur eigi sje á þær skrifað: E. B.

4. gr.

Um notkun þjónustufrimerkja.

Með samþykki ráðgjafa Íslands gefur póststjórnin út þjónustufrimerki á 3, 4, 5, 10, 16, 20 og 50 aura hvert einstakt.

Fyrir hvert hundrað af þjónustufrimerkjum, sem keypt eru í einu, borga kaupendur 4% minna.

Stjórnarvöldin geta fengið frimerki þessi keypt á póststofunni í Reykjavík og á öllum póstafréiðslustöðunum, að minnsta kosti 3, 4, 5 og 10 aura þjónustufrimerki.

Aðeins stjórnarvöld þau, sem talin eru í 1. gr., mega nota þjónustufrimerki, og eigi nema á pótsendingar innanlands, sem taldar eru í 2. gr., en á sendingar til danskra eða útlendra stjórnarvalda, verður að brúka almenn frimerki.

Stjórnarvöldin geta fengið hjá póstmönnum kauplaust kvittun bæði fyrir keyptum þjónustufrimerkjum og fyrir upphæð þeirra almennu frimerkja, sem þau hafa notað á sendingar, til danskra eða útlendra stjórnarvalda.

Þegar stjórnarvöld heimta álit eða skýrslu eða eiga von á annari fyrirskipaðri sending frá öðrum en stjórnarvöldum eða sveitarstjórnnum, geta þau sent hlutadeiganda þjónustufrimerki, sem þarf, til slíkra sendinga.

Stjórnarvöld geta og heimtað kauplaust kvittun fyrir óborguðu burðargjaldi, sem þau borga í peningum fyrir þesskonar óborgaðar sendingar, sem getið er um í 2. gr. b. 1—2, annaðhvort á sjerstakt eyðublað eða í bók, sem stjórnarvaldið leggur til og hefir fyllt út.

Þjónustufrimerki skulu embættismenn geyma svo vandlega, að aðrir geti eigi notað þau, og þeir bera ábyrgð á því, að sendingar, er frá þeim ganga með þjónustufrimerkjum, undir embættisinnsgli þeirra eða með áskript þeirri, sem má hafa í stað innsiglis, í raun rjettri sjeu þess eðlis, að borga megi undir á þann hátt, samkvæmt reglunum í 2. og 3. gr.

5. gr.

Eðli og ásigkomulag þjónustusendinga.

Til þess að svo verði álitíð, að sending sje til stjórnarvalds, verður utanáskriptin greinilega að bera það með sjer, þótt eigi sje það nefut sama nafni og í 1. gr.

Ef mannsnafn er í utanáskriptinni, verður eigi álitíð, að sendingin sje til stjórnarvalds. Því að eins verður álitíð að pótsending komi frá stjórnarvaldi, að á henni sje embættisinnsgli stjórnarvaldsins eða embættisstimpill, eða þá áteiknun um það, frá hvaða stjórnarvaldi hún sje, með undirskript embættis-

mannsins eða fullmektugs hans, og skal innsigluin eða áteiknunin vera á fylgi- **51**
brjefinu, þegar um böggla er að ræða. 17. maí

Þegar sendingar þær, sem getur um í 2. gr. a. 3., eiga að ganga með þjónustufrimerkjum, verður utanáskriptarmegin á þeim, og á framhlið fylgibrefsins, þegar um böggulsendingar er að ræða, að skrifa, »stjórnarlegt erindi« (póst-mál eða embættismál) »fyrirskipuð skýrsla« »heimtað álit«.

Um áteiknunina E. B., þegar um óborgaðar sendingar er að ræða, er getið í 3. gr.

Eigi sendingar þær, sem getið er í 2. gr. b. 1, að flytjast með póstum ófrimerktar eða frimerktar með þjónustufrimerkjum, sem stjórnarvaldið hefir sent í því skyni, verður að vera ritað á þær að framauverðu, og að því er snertir böggulsendingar, á fylgibrjefið »skipuð skýrsla«, »heimtað álit« og áteiknun þessi undirskrifuð af sendanda sjálfum.

6. gr.

Eftirlit með að rjett sje farið með þjónustusendingar.

Það er skylda sjerhvers stjórnarvalds, þegar það tekur við sendingum, sem þjónustufrimerki eru á, að hafa gætur á, hvort sendingarnar hafa verið þess eðlis, að borga mætti undir þær á þennan hátt, og ef það sjest, að röng aðferð hefir verið viðhöfð, skal skýra yfirmanni þess, sem sendi, frá því, eða landshöfðingja, sje sendingin frá honum komin.

Pósthúsin skulu hafa gætur á, að sendandi hafi gætt hinna ytri skilyrða, að því er snertir utanáskript, áteiknun og innsigli, sem sett eru fyrir því:

1. að álitid verði, að sending sje frá stjórnarvaldi,
2. að sending geti gengið óborguð til stjórnarvalds, eða
3. að þjónustufrimerki megi viðhafa.

Sje þessum skilyrðum eigi fullnægt, skal, þegar um fyrsta atridið er að ræða, skoða sendinguna eins og komna frá einstökum mönnum, en sje um tvö síðari atridin að ræða, skal skoða sendinguna sem ófrimerkta.

7. gr.

Reikningsskil fyrir notkun á þjónustufrimerkjum.

Kvittanir þær og kvittanabækur, sem getið er um í 4 gr., fyrir keyptum þjónustufrimerkjum og óborguðu burðargjaldi, sendir embættismaður til landshöfðingja einu sinni á ári sem fylgiskjal við reikning sinn og lætur fylgja skýrslu, sem gefin er upp á æru og samvizku með eiginhandar undirskript um það, hve mörg þjónustufrimerki voru til hjá honum eptir, frá hinu fyrra reikningstímabili, hve mörg hann hafi keypt á því tímabili, sem kvittanirnar eru sendar fyrir, hve mörg eru notuð á þeim tíma, og hve mörg eru til við lok þessa tímabils.

Leiki nokkur efi á því, hvort reikningur frá einhverju stjórnarvaldi um burðargjald sje rjettur, skal pósthús það, sem hlut á að máli, samkvæmt kröfu landshöfðingja, halda viðskiptabók, sem stjórnarvaldið útvegar, um allar sendingar, sem ganga frá þessu stjórnarvaldi eða berast til þess frá lægri embættisþjón-

51 um, sýslunarmönnum eða einstökum mönnum, og þjónustufrímerki hafa verið höfð 17. maí við, svo og um borgun þá, sem stjórnarvald þetta greiðir fyrir keypt þjónustufrímerki.

Í sömu viðskiptabókina getur pósthúsið gefið kvittun fyrir burðargjaldi, sem stjórnarvaldið borgar undir sendingar til danskra og útlendra stjórnarvalda, og sömuleiðis fyrir óborgað burðargjald á ófrímerktum þjónustusendingum, sem til þess koma.

Stjórnarvöldin geta eigi heimtað neitt endurgjald fyrir það, sem pósthúsin eiga að fá fyrir störf þau, er 15. gr. póstlaganna getur um.

8. gr.

Sveitastjórnir þær, sem 11. gr. a. 1. og 12. gr. í póstlögnum getur um, eru sem nú skal greina:

Amtsráðin.

Amtmennirnir sem forsetar í amtsráðunum.

Sýslunefndirnar.

Sýslumenn, sem oddvitar sýslunefndanna.

Bæjarstjórnir og nefndir þeirra.

Bæjarfógetar, sem oddvitar bæjarstjórna.

Hreppnefndirnar.

9. gr.

Meðferð á póstsendingum til og frá sveitarstjórnnum.

Sendingar frá sveitastjórnnum þeim, sem getið er í 8. gr., skulu vera nægilega frímerktar með almennum frímerkjum, þegar þær eiga að fara til:

1. Konungs eða konungsættingja,
2. Stjórnarvalda (1. gr.), eða
3. Annara sveitarstjórna (8. gr.).

Annars má senda sendingarnar ófrímerktar, en þá eigi almennar brjefasendingar að vera innsiglaðar með þjónustuinnsigli eða í þess stað með undirskrifadri áteiknun (sbr. 5. gr.) og á þær ritað að framanverðu E. B. (einfalt burðargjald); þá fer um burðargjaldið eins og segir í 11. gr. a. 1. í póstlögnum og 3. gr. í reglugjörð þessari, að það tvöfaldast ekki.

Sendingar til sveitarstjórna, sem getið er í 8. gr., mega eigi sendast ófrímerktar, nema innihaldið sje »skipuð skýrsla« eða »heimtað álit« um embættismál, og eiga sendingar þessar að vera eins úr garði gjörðar og sendingar þær, sem getið er um 2. gr. b. 1. (sbr. 5. gr.).

Sömu reglur gilda um þær af sendingum þessum, sem eru brjefasendingar, eins og ákveðið er í 11. gr. a. 1. í póstlögnum og 3. grein í reglugjörð þessari, síðustu málsgrein, að burðargjaldið tvöfaldast ekki.

10. gr.

Reglugjörð þessi gengur í gildi 1. júlí 1902, og frá sama tíma falla úr

gildi eldri ákvæði, sem koma í bága við reglur þær, sem settar eru í reglugjörð þessari.

51
17. maí

Gefin út samkvæmt 27. gr. póstlaganna 13 september 1901 og eptir skipun ráðgjafans fyrir Ísland.

Reykjavík, 17. maí 1902.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Reglugjörð

fyrir

póstmenn.

52

24. maí

1. gr.

Póstmeistarinn í Reykjavík hefir á hendi stjórn póstmálanna innanlands undir yfirstjórn landshöfðingja. Hann hefir því umsjón yfir öllum póstafræðslumönnum, brjefhirðingarmönnum og póstum.

Póstmeistarinn ber upp fyrir landshöfðingja uppástungur um, hverja skipa skuli póstafræðslumenn, og skal hann sjá um, að sýslunum þessum sje veitt forstaða um stundarsakir, þá er þær losna.

Eptir uppástungu hlutadeigandi póstafræðslumanns ræður hann brjefhirðingarmenn með samningum og þannig, að segja megi þeim upp með missirfresti.

Ef honum þykir þurfa og önnur störf hans leyfa, skal hann ferðast um landið, til þess að sjá um að póststarfanna sje gætt til hlitar, og til þess að kynna sjer, hvernig hagar til á hverjum stað.

Á ferðum þessum athugar hann bækur póstafræðslumanna og rannsakar sjóð og frímerkjaleifar hjá þeim. Hann gefur landshöfðingja skýrslu um skoðun þessa, ef eitthvað finnst athugavert.

Á ferðum þessum skal hann hafa í fædispeninga 4 kr. á dag, þegar hann ferðast á landi, en 6 kr. á sjó. Ferðakostnaður skal honum endurgoldinn eptir reikningi, sem landshöfðingi úrskurðar.

Hann gjörir uppástungur um tilhögun á aðalpóstferðum og aukapóstferðum, um stofnun póstafræðslustaða og brjefhirðingarstaða, sjer um ráðningu á póstum í aðalpóstferðir og aukapóstferðir o. s. frv.

Hann semur reikninga yfir allar pósttekjur og öll póstgjöld landsins, sem landshöfðingi lætur endurskoða og úrskurðar síðan. Reikningsárið er frá 1. janúar til 31. desbr. og skal reikningurinn sendur landshöfðingja í síðasta